

Lýðræðissetrinu hafa borist til umsagnar mál 340, 344 og 352.

Ísland undir stjórn, sem ekki vill aðild Íslands að Evrópusambandinu, á engu að síður hjá því umsókn um aðild. Stjórnin á þar sjálfðæmi. Sá, sem er sjálfum sér ráðandi, lætur ekki herma upp á sig umsókn um það, sem hann vill ekki, heldur eyðir henni (afturkallar hana).

Núverandi staða málsins er fáránleg fyrir landið út á við og þjóðina. Þessi fáránlega staða snýr að því leyti að viðfangsefnum Lýðræðissetursins, að hún spillir þeim anda, sem starf að lýðræðisumbótum nýtur.

Lýðræðissetrið hefur fjallað um þjóðaratkvæðagreiðslu, eins og kynnast má á vefsíðu þess. Vel má verða framhald á því, en ekki að sinni.

Fyrir Lýðræðissetrið,

Björn S. Stefánsson, forstöðumaður